

# STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1995

15. maí 1995

673

Nr. 293

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar.

#### 1. gr.

1. másl. 1. mgr. 3. gr. orðast svo: Óheimilt er að setja leikföng á markað hér á landi, hvort sem þau eru seld eða gefin, ef hætta er á að þau geti stofnað öryggi eða heilsu notenda og annarra í voða þegar þau eru notuð eins og til er ætlast eða fyrirsjáanlegt er miðað við eðlilega hegðun barna.

#### 2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sé leikfang merkt með CE-merki skal litið svo á að það uppfylli kröfur reglugerðar þessarar.

#### 3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðast svo:

Tilnefndur aðili skal hafa hlotið faggildingu í samræmi við viðeigandi staðla í staðlaröðinni ÍST EN 450XX. Í viðauka VII með reglugerð þessari eru talin upp nánari skilyrði sem tilnefndur aðili verður að uppfylla.

#### 4. gr.

Á eftir 5. másl. 1. mgr. 7. gr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Ábyrgðaraðila er skylt að upplýsa kaupanda leikfangs um mikilvægi þess að varðveita slíkar leiðbeiningar ef þær eru ekki festar við leikfangið.

#### 5. gr.

3. mgr. 14. gr. orðast svo:

Ef rökstuddur grunur leikur á að leikföng eða eftirlíkingar uppfylli ekki settar öryggisreglur getur Löggildingarstofan takmarkað sölu þeirra eða sett tímabundið bann við sölu þeirra á meðan rannsókn fer fram í málinu.

#### 6. gr.

1. máls. 2. mgr. 15. gr. orðast svo: Löggildingarstofunni ber að tilkynna ábyrgðaraðila um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er ásamt upplýsingum um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti.

## 7. gr.

Við upptalningu staðla í viðauka III bætist:  
ÍST EN71-5, Leikföng, Öryggiskrafa. 5. hluti: Efnafræðileikföng (sett), önnur en tilraunasett.

## 8. gr.

Nýr liður, f-liður, bætist við 2. kafla viðauka IV, svohljóðandi: skal gefa út vottorð um CE-gerðarviðurkenningu.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sbr. lög nr. 52/1995, um breytingu á þeim, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 15. maí 1995.*

F. h. r.

**Þorkell Helgason.**

*Finnur Sveinbjörnsson.*

## REGLUGERÐ

### um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

## 1. gr.

Rétt til þess að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hér á landi og kalla sig heilbrigðisfulltrúa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi umhverfissráðherra.

## 2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem hefur menntun á sviði heilbrigðis- og umhverfiseftirlits, sem umhverfissráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt skal leita álits Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjenda.

## 3. gr.

Menntun heilbrigðisfulltrúa skal vera:

- a) Háskólapróf í heilbrigðis- og umhverfiseftirliti.
- b) Háskólapróf í skyldum greinum, auk sérnáms og/eða starfsreynslu.

Starfsreynsla skal vera 12 mánuðir. Heimilt er að skipta starfsþjálfunartímabili þannig að hluti þess sé unninn hjá Hollustuvernd ríkisins. Að öðru leyti fer starfsþjálfun fram hjá heilbrigðiseftirliti á svæði þar sem starfa a.m.k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi.

Heimilt er að viðurkenna skipulegt sérnám (bóklegt og/eða verklegt) við erlendar stofnanir. Hið sama gildir um innlend námskeið tengd heilbrigðiseftirliti. Skal hver mánuður í slíku sérnámi jafngilda tveggja mánaða starfsreynslu hjá heilbrigðiseftirliti hérlendis.

- c) Önnur sambærileg menntun.